

Fundur í fagráði nautgriparæktar 25. janúar 2022

Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 25. janúar 2022 og hófst kl. 13.00.

Mættir: Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Björn S. Gunnarsson, Egill Gunnarsson, Guðrún Björg Egilsdóttir, Sigtryggur Veigar Herbertsson, Þórdís Þórarinsdóttir og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat
3. Lokaskýrslur verkefna
4. Önnur mál

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 14. desember 2021, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti. Formaður bauð Guðrúnu Eik Skúladóttur velkomna til setu í fagráði í stað Sigurbjargar Ottesen sem og Guðrúnu Björgu Egilsdóttur sem áheyrnarfulltrúa í stað Margrétar Gísladóttur sem horfið hefur til annarra starfa.

2. Nýtt kynbótamat

Formaður fór yfir að kynbótamatið hefði nú í fyrsta sinn verið keyrt að öllu í einu forriti, það er DMU, og óskaði RML til hamingju með þennan stóra áfanga.

Þórdís fór yfir helstu breytingar sem orðið hafa á keyrslu matsins við þessa yfirfærslu. Hún sagði að mat fyrir útlitseinleika og endingarmat væri núna keyrt í DMU og eðlilega yrðu eilítlar breytingar vegna aðeins frábrugðinnar gagnahreinsunar. Matið væri núna mikið fljótlegra í vinnslu heldur en þegar notast var við mörg lítil forrit auk þess sem allar breytingar og lagfæringar væru bæði auðveldari og aðgengilegri en áður.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður nýs kynbótamats sem var keyrt núna að loknu ársuppgjöri. Stærstu breytingar eru þær að útlitseinleikar byggja nú alfarið og eingöngu á línulega útlitsmatinu og að endingarmat var nú unnið með nýju líkani sem Þórdís Þórarinsdóttir setti upp að fenginni fyrirmynd frá norræna kynbótamatinu (NAV).

Guðmundur rakti að flest þeirra nauta sem hafa verið notkun lækka í mati með undantekningum þó. Stærstu breytinguna má sjá hjá Knetti 16006 sem lækkar um ein sex stig í heildareinkunn og er skýringin sú að hann lækkar verulega fyrir afurðir en sígur einnig niður fyrir flesta eiginleika sem reiknast inn í heildareinkunn. Niðurstaðan verður honum því óhagfelld. Guðmundur ítrekaði að þrátt fyrir þetta væri Knöttur eftir sem áður með prýðilega einkunn eða 107. Þá sagði hann að því miður

væri ekki mikið svigrúm til breytingar á nautum í notkun, búið væri að fullnýta 2016 árganginn og 2017 árgangurinn væri ekki kominn með nægjanlegt öryggi á sínum afkvæmadómi.

Ákveðið að taka Dal 16025 og Núma 16038 úr dreifingu en önnur naut verði áfram í dreifingu.

Ákveðið að breyta nauksfeðralistanum þannig að Tanni 16065 komi aftur inn sem nauksfaðir en Knöttur 16006 og Skírnir 16018 falli út.

Þá var besta naut 2015 árgangsins valið. Nafnbótina hlýtur Tanni 15065 frá Tannstaðabakka í Hrutafirði.

Guðmundur fór yfir helstu niðurstöður skýrsluhalds nýliðins árs. Meðalafurðir minnka heldur eða í 6.336 kg/árskú úr 6.384 kg. Árskúm fækkar í 25.383 en voru áður 25.649 og meðalbústærð er nu 50,0 árskýr. Meðalinnlegg á bú árið 2021 var 288.088 lítrar. Afurðahæsta búið 2021 var Búrfell í Svarfðardal með 8.908 kg/árskú og afurðahæsta kýrin Skör 1003 í Hvammi í Ölfusi með 13.760 kg. Í nautakjötsframleiðslunni jókst meðalfallþungi og flokkun batnaði. Þyngsta unguneyti ársins var á Breiðabóli á Svalbarðsströnd, 537,4 kg, en mesta vaxtarhraðanum náði naut nr. 1132 í Nýjabæ undir Eyjafjöllum, 811,9 g/dag (reiknað út frá fallþunga).

3. Lokaskýrslur verkefna

Borist hafa eftirfarandi lokaskýrslur verkefna sem styrkt voru af þróunarfé nautgriparæktarinnar. Umsögn fagráðs og heimildir til lokagreiðslna voru afgreiddar með tölvupósti milli funda.

Nýtt kynbótamat fyrir frjósemi. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, Þórdís Þórarinsdóttir, verkefnisstjóri Guðmundur Jóhannesson.

Um verkefnið

Verkefnið hófst snemma árs 2021 en þá var Þórdís Þórarinsdóttir ráðin til starfa. Verkefnið miðaði að því að þróa og innleiða nýja aðferðafræði við útreikinga á kynbótamati í frjósemi sem er sambærilegra því sem notað er í nágranalöndum okkar og er öflugri leið til að ná fram erfðaframsörum í frjósemi hjá mjólkurkúm. Verkefnisstjóri var Guðmundur Jóhannesson

Þórdís Þórarinsdóttir sá um stærsta hluta af vinnu við verkefnið en aðrir sem að því komu voru Guðmundur Jóhannesson, Elsa Albertsdóttir og Kári Gautason.

Framgangur verkefnisins

Vinna við verkefnið gekk samkvæmt áætlun og lauk með innleiðingu á nýju kynbótamati í frjósemi í september 2021 eins og gert hafði verið ráð fyrir. Engar tafir urðu eða ófyrirséður kostnaður

Niðurstöður verkefnisins/afurðir

Með innleiðingu nýs kynbótamats í frjósemi hjá mjólkurkúm hefur nú verið tekin upp mun öflugri aðferð til mats á eiginleikanum í íslenska kúastofninum. Fyrri mat sem byggðist á bili á milli burða hefur verið lagt niður en nýtt mat byggir á sæðingagögnum sem eru mun nákvæmari mælikvarði á frjósemi í mjólkurkúm. Niðurstöður hafa áður verið kynntar fagráði og m.a. í nautaskránni.

NorFor – norrænt fóðurmatskerfi. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, verkefnisstjóri Karvel L. Karvelsson.

Um verkefnið

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins er þátttakandi samstarfi um norrænt fóðurmatskerfi með það að markmiði að tryggja að kúabændur hérlendis hafi aðgang að nýjustu þekkingu og tækni til fóðuráætlanagerðar sem er miðuð að því að vinna fóðuráætlanir fyrir íslenskar kýr. Þátttaka í NorFor verkefninu krefst þess að RML eigi aðila í stjórn NorFor sem og aðila í þróunar og prófunarhópi NorFor og greiði árgjöld inn í NorFor samstarfið sem og árgjald fyrir TineOptifor sem er það tæki sem nýtt er til vinnslu fóðuráætlanagerðar hérlendis.

Framgangur verkefnisins

Þátttaka í NorFor samstarfinu er orðin fastur þáttur í starfsemi RML. Karvel L. Karvelsson situr í stjórn NorFor fyrir hönd RML og Ditte Clausen, ráðunautur situr nú í þróunar og prófunarhópi NorFor. Á síðasta ári hefur verið unnið ötullega að þróun verkefnisins og þátttaka RML í því tryggir aðgang bænda að óháðri ráðgjöf sem byggir á nýjustu þekkingu meðal annars m.t.t hagkvæmni, kolefnislosunar og annar þátta sem eru lykilatriði í nútíma búrekstri.

Niðurstaða verkefnisins/afurðir

Á síðasta ári voru um 50 aðilar í fóðurráðgjöf hjá RML, þar að auki tóku starfsmenn RML þátt í vinnu við samnorrænt fóðurmatskerfi með setu í stjórn og þróunar og prófunarhópi NorFor. Meðal verkefna ársins voru undirbúningur fyrir stefnumótun NorFor ásamt áframhaldandi þróun á fóðurmatskerfinu meðal annar með hliðsjón af hagkvæmri fóðrun og kolefnisspori. Þátttaka RML í NorFor samstarfi tryggir að íslenskir bændur hafi aðgang að bestu mögulegu tækni og þekkingu varðandi fróðrun með hliðsjón kröfum samtímans varðandi hagkvæmni og áhrifum á umhverfið.

Rekstur nautakjötsframleiðena – greining rekstargagna og söfnun hagtalna nautakjöts.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins. Verkefnisstjóri Kristján Óttar Eymundsson.

Um verkefnið

Í kjölfar verkefna um rekstur kúabúa (mjólkurframleiðenda) og afkomuvöktun sauðfjárbúa var talin brýn þörf á því að leggja af stað með samsvarandi verkefni þar sem rýnt væri í rekstargögn nautakjötsframleiðenda. Sótt var um í fagfé nautgriparæktarinnar haustið 2020 og fékkst vilyrði um styrk. Verkefnisstjóri var Kristján Óttar Eymundsson. Verkefnateymi: María Svanþrúður Jónsdóttir, Eyjólfur Ingví Bjarnason, Sigríður Ólafsdóttir og Runólfur Sigursveinsson.

Framgangur verkefnisins

Vinna við gagnasöfnun hófst haustið 2020. Alls náðust 20 þátttökubú í verkefnið, sem voru nokkuð breytileg að samsetningu. Talsverður breytileiki var í gagnasafninu sem gerði það að verkum að tölfræðileg greining var ekki gerleg en sterkar vísbendingar komu fram um þá þætti sem vert er að rýna nánar. Verkefninu verður haldið áfram árið 2022 með stuðningi úr þróunarfé. Verkefninu lauk sumarið 2021 með kynningu á niðurstöðum og lokaskýrslu.

Niðurstöður verkefnisins/afurðir

Niðurstöður verkefnisins má sjá í lokaskýrslu verkefnisins.

4. Önnur mál.

Hermann sagðist telja að það vantaði upp á að nautin gæfu nógu háfættar kýr og dreifingin á nautunum væri lítil. Hann velti því fyrir sér hvort að notkun dómskalans væri nógu góð. Einnig sagðist hann vilja sjá að hæð dætra væri birt hjá hverju og einu nauti í t.d. nautaskránni. Guðmundur

svaraði því til að án efa mætti teygja aðeins á notkun skalans og það væri sjálfsagt mál að birta hæð dætra með öðrum upplýsingum um dætur.

Formaður nefndi kálfadauða og að Egill Gautason hefði fundið nokkurt arfgengi í sínum rannsóknnum. Ákveðið að skoða hvaða möguleikar eru á því að koma þessum eiginleika í ræktunarstarfið.

Guðmundur kynnti að beiðni Sveinbjörns Eyjólfssonar breytingar á grunni innheimtu fyrir sæði frá Nautastöðinni. Í stað þess að byggja innheimtu á tölum frá ANR úr haustskýrslum verða tölur um fjölda kúa og kvígna nú teknar með reglubundnum hætti úr Huppu. Þannig mun innheimta verða sanngjarnari en ella ef um t.d. fækkun búna og þar með gripa verður á ákveðnum svæðum. Þá hefur viðmiðið varðandi innheimtu fyrir kvígur verið kelfdar kvígur en verður nú allar kvígur 12 mánaða og eldri. Til þess að mæta fjölgun kvígna sem verður með þessari breytingu verður innheimt fyrir 30% þeirra í stað 50% áður þar sem tilgangur breytinganna er ekki að auka tekjur stöðvarinnar.

Elín Heiða spurði um merki fyrir sýnatökur vegna erfðamengisúrvals. Guðmundur sagði að málið þokaðist áfram. Plastiðjan Bjarg segist geta boðið þessi merki í lok febrúar og inn á markaðinn væri að koma nýr danskur aðili og mögulegt yrði að fara að panta merki frá þeim eftir einhverja daga. Það yrði svo að koma í ljós hver afgangur slútíminn hjá þeim aðila yrði.

Egill velti upp hvort ekki væri eðlilegt að mjólkuriðnaðurinn kæmi meira að borðinu varðandi ræktunarmarkmið í þeim þáttum sem lúta að efnainnihaldi mjólkur. Guðmundur sagði að erindi hefði verið sent Samtökum afurðastöðva í mjólkuriðnaði varðandi þessi atriði í haust og sérstaklega nefnt hvort mjólkuriðnaðurinn sæi fram á breytingar eða ávinning í vali fyrir einhverjum ákveðnum eiginleikum tengdum efnainnihaldi mjólkur. Björn sagði að mjólkuriðnaðurinn hefði áhuga á því að skoða þessi mál og t.d. væri nýbúið að skoða hlutfall beta-kaseins A1 og A2 og það hefði ekki breyst mikið á undanförunum áratugum. Þarna væru hugsanlega markaðstækifæri þó það væri erfitt að segja til um það.

Rætt um að uppfæra þurfi hagræn vægi innan tíðar og ákveðið að Guðmundur og Sigtryggur skoði þau mál m.t.t. mannskaps og fleiri atriða.

Minnt var á að kynbótamat fyrir próteinúthald er ekki birt á nautaskra.net og ákveðið að bæta úr því.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir
(sign.)

Egill Gunnarsson
(sign.)

Björn S. Gunnarsson
(sign.)

Sigtryggur Veigar Herbertsson
(sign.)

Þórdís Þórarinsdóttir
(sign.)

Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 14. desember 2021
2. Niðurstöður kynbótamats í jan. 2022
3. Helstu niðurstöður skýrsluhalds nautgriparæktarinnar 2021
4. Lokaskýrslur verkefna